

## Viðauki II



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Niðurstöður úr samráði PFS um drög að ákvörðun  
PFS varðandi kostnaðargreiningu Símans hf. á  
heildsöluverðum fyrir aðgang að almennu  
talsímaneti fyrir heimili og fyrirtæki**

**1. júní 2015**



## EFNISYFIRLIT

### Bls.

1	Inngangur .....	3
2	Áhættulausir vextir.....	4
3	Hagræðing og sjálfvirkni .....	5
4	Afsláttarkjör .....	6
5	Viðmiðunartilboð um endursöluaðgang að talsímaneti Símans .....	6



## 1 Inngangur

Í þessu skjali er að finna samantekt þeirra athugasemda sem bárust vegna samráðs Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) um frumdrög ákvörðunar varðandi kostnaðargreiningu Símans hf. á heildsöluverðum fyrir aðgang að almennu talsímaneti fyrir heimili og fyrirtæki. Frumdrögin voru lögð fyrir hagsmunaaðila til samráðs á heimasíðu stofnunarinnar þann 22. desember 2014 og lauk samráðinu þann 13. febrúar sl.

Eftirfarandi aðilar sendu inn athugasemdir við frumdrögin:

- Hringiðan ehf. (Hringiðan)
- Símafélagið ehf. (Símafélagið).

Athugasemdir Símafélagsins voru sendar til umsagnar hjá Símanum og eru svör Símans tilgreind á eftir einstaka athugasemdum Símafélagsins.

Athugasemdirnar eru flokkaðar saman eftir efni. Leitast hefur verið við að greina allar þær athugasemdir sem máli skiptu og svara þeim. Í lok umfjöllunar um hverja athugasemd er stutt samantekt um afstöðu PFS.



## 2 Áhættulausir vextir

**Hringiðan** gerði athugasemdir við að PFS styðjist við ávöxtunarkröfu á HFF 150644 sem grunn að útreikningi á vegnum fjármagnskostnaði fyrir Símann hf.

Hringiðan telur það vera mjög umdeilt að íbúðabréf Íbúðalánasjóðs séu áhættulaus ávöxtun og bendir á fréttáflutning af málefnum Íbúðalánasjóðs síðastliðin ár. Mun réttara væri að styðjast við íslensk ríkisskuldabréf eins og venja sé og væri RIKS 21 0414 eina verðtryggðá ríkisskuldabréfið sem skráð væri á markað í dag. Meðalávöxtunarkrafa á því bréfi frá 1. apríl 2010 að 31. desember 2013 væri 2,51% á móti þeim 3,26% sem stuðst væri við í kostnaðargreiningu Símans.

Hringiðan benti á að slíkur munur hefði veruleg áhrif á kostnaðargreininguna og hækki öll verð sem því næmi.

Hringiðan óskaði eftir því að PFS myndi styðjast við ríkisskuldabréf sem áhættulausan grunn í útreikningum en ekki íbúðabréf Íbúðalánasjóðs.

### Afstaða PFS

Eins og kom fram í kafla 3.2.1 í samráðsskjalinu eru áhættulausir vextir sem miðað er við í verðlagningunni 3,13% vegna rekstrarársins 2013 sem lagt er til grundvallar í kostnaðargreiningunni, en ekki 3,26% eins og Hringiðan heldur fram.

PFS notast við vexti verðtryggðra ríkisskuldabréfa eða skuldabréfa með ríkisábyrgð með meðaltíma (e. duration) 10 ár eða lengur til að reikna áhættulausa vexti. PFS telur að 10 ára meðaltími eða lengri endurspegli endingartíma eignanna sem um ræðir.

PFS miðar við 5 ára meðaltal vaxta (2009-2013) en RIKS 21 0414 flokkurinn reiknast ekki lengri en 3,75 ár á þessum tíma og því er samanburðartímabilið ekki það sama sem Hringiðan notar. PFS telur rétt að nota meðaltalsvexti sl. 5 ára, en aðferðinni er ætlað að koma í veg fyrir að tímabundnar vaxtabreytingar hafi óeðlileg áhrif á ávöxtunarkröfuna og þar með verðlagningu á viðkomandi þjónustu. Um er að ræða áralanga framkvæmd sem ekki hefur verið umdeild hingað til.

Til að áætla áhættulausa vexti hefur PFS hingað til notast við HFF 1504 2034, 30 ára verðtryggt skuldabréf Íbúðalánasjóðs, en ekki HFF 1506 2044 eins og kemur fram hjá Hringiðunni.

Það er hins vegar rétt að á allra síðustu árum hefur sú þróunin orðið á markaði að verðtryggð bréf Íbúðalánasjóðs endurspeglar ekki lengur áhættulausa vexti, þar sem sérstakt áhættuálag hefur myndast á bréf Íbúðalánasjóðs vegna óvissu um framtíð sjóðsins. Framangreint hefur þó ekki umtalsverð áhrif á útreikninga PFS á áhættulausum vöxtum í dag (áhrif á meðalvexti m.v. 5 ára tímabili, 2010-2014), þar sem frá og með rekstrarárinu 2014 er stuðst við leiðréttá niðurstöðu vegna áhættuálagsins. PFS hyggst skoða hvort ástæða sé til að gera breytingar á viðmiði sínu um skuldabréfaflokk. Ef slík skoðun leiddi til breytinga á viðmiði um skuldabréfaflokk þá kæmi hún þó ekki til framkvæmda fyrr en í næstu kostnaðargreiningum



sem byggði á kostnaðargrundvelli ársins 2014 eða 2015 og hefði því engin áhrif á þá kostnaðargreiningu sem hér er til umfjöllunar.

### 3 Hagræðing og sjálfvirkni

**Símafélagið** benti á varðandi hækkanir á aðgangssleiðum að líkindi væru á að aukin hagræðing hafi náðst á undanförunum árum með því að leggja niður símstöðvarbúnað í fjölda símstöðva um allt land og gera hana miðlæga. Hagræðing vegna minni búnaðar og færri starfsstöðva ætti því að hafa minnkað kostnað en ekki aukið hann.

#### Andsvar Símans

Síminn benti á að fyrirtækið hafi lagt niður ný útstig frá fyrri greiningu og eina símstöð (Miðbær) og að fullt tillit væri tekið til þess í kostnaðargreiningunni. Síminn noti endurstofnverð í sínum útreikningum og hefur til hliðsjónar fjárfestingar í nýlegum búnaði.

#### Afstaða PFS

PFS vísar í andsvar Símans og sér ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir vegna þessa.

**Símafélagið** bendir á, í sambandi við aðra þjónustubætti, að Síminn hafi innleitt aukna sjálfvirkni í afgreiðslu beiðna. Árið 2011 hafi verið tilgreindur sá tími sem það tók tæknimenn Símans að sinna beiðnum en ætla mætti miðað við þessar breytingar að tími tæknimanns sé óverulegur í dag. Auk þess mætti ætla að reynsla og starfsferlar hefðu þróast töluvert á þessum tíma sem leiði til enn frekari hagræðingar.

#### Andsvar Símans

Síminn bendir á að innleiðing á sjálfvirkum ferlum standi enn yfir og því óljóst hvaða áhrif slík sjálfvirknivæðing mun hafa á verðlagningu á þessum þætti. Þess megi geta að sjálfvirknin sem nú sé í gangi nái eingöngu til heimtauga með PSTN þjónustu. Í dag sé veruleg vinna unnin við framkvæmd á þessum ferlum og muni verða áfram. Auk þess megi benda á að við sjálfvirknivæðingu falli til annar kostnaður sem felist í fjárfestingu á búnaði, forritun, rekstri, ferlum og eftirliti. Með sjálfvirknivæðingu sé megin markmiðið að leitast við að tryggja réttleika upplýsinga á milli fjarskiptafélaga og gera ferla sjálfvirkari.

#### Afstaða PFS

PFS tekur undir með Símafélaginu að taka þurfi tillit til sjálfvirkni og þeirrar hagræðingar sem skapast af henni. Hins vegar liggja þær upplýsingar ekki fyrir núna og því leggur PFS til að Síminn taki þá þjónustubætti sem byggja á tímamælingum til sérstakrar endurskoðunar þegar þessi kostnaðargreining verður endurskoðuð næst.



## 4 Afsláttarkjör

**Símafélagið** óskaði eftir því að skoðað yrði hvort afsláttur eftir fjölda tenginga samrýmist samkeppnissjónarmiðum og benti á að í sátt Skipta vegna Mílu væri ekki stighækkandi afsláttur fyrir þær þjónustur sem sáttin næði til. Slíkt afsláttarkerfi gæti skapað mismun milli stærri og minni fjarskiptafélaga og aukið á aðgangshindranir inn á markaðinn.

### Andsvar Símans

Síminn svarar því til að afsláttarkjör fyrirtækisins taki tillit til hagræðingar sem felist í því að selja einum og sama aðila margar heimtaugar. Einungis sé veittur afsláttur af álagningu Símans á heimtaugagjöld frá Mílu og vísar Síminn í bréfaskipti sín við PFS frá því í september 2013. Núverandi útfærsla á afsláttarkjörum séu samþykkt í ákvörðun PFS nr. 8/2013 og byggjast á afsláttarkjörum á hlutlægum forsendum. Síminn bendir á að Símafélagið hafi ekki gert neinar athugasemdir þegar umrædd kjör voru til umfjöllunar. Síminn vísar í þessu sambandi á ákvörðun PFS nr. 24/2013 og umfjöllun PFS þar um afslættina.

Að mati Símans hafi PFS þegar metið og tekið afstöðu til þessarar athugasemdar. Í grunninn sé ekki verið að breyta afsláttunum, heldur er eingöngu verið að breyta verðlagningu. Þá bendir Síminn einnig á að í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2013 hafi ekkert verið fjallað um verðlagningu sem slíka.

### Afstaða PFS

PFS vísar í umsögn sína um þetta efni í ákvörðun sinni nr. 24/2013:

*„PFS telur hafið yfir vafa að hagræði felist í auknum fjölda tenginga hvað varðar heildarumsýslu vegna aðgangs að símsstöðvum Símans þar sem kostnaður við utanumhald aðgangs að kerfinu er að talsverðu leyti fastur kostnaður. PFS leggur áherslu á að með afslætti af umsýslukostnaði er verið að gefa afslátt vegna metins hagræðis samhliða auknum fjölda tenginga, en ekki verið að gefa afslátt af kostnaðarverði símsstöðva eða heimtauga.“*

*PFS telur kostnaðarmat vegna umsýslu við umræddan aðgang Símans málefnalegt miðað við kostnað við að veita og halda almennt utanum aðgang að kerfum félagsins, auk þess sem viðmið Símans um fjölda tenginga sé hófleg borið saman við heildarfjölda tenginga í kerfi Símans. Því samþykkir PFS tillögu Símans varðandi uppfærða töflu um magnafslátt tenginga.“*

Eins og fram kemur í ákvörðun PFS þá hyggst stofnunin mæla fyrir um að í næstu kostnaðargreiningu verði framkvæmt kostnaðarmat vegna tímamælingar o.þ.h. og það mat lagt til grundvallar í útreikning á gjaldskrá frekar en föst prósentu álagning á heimtaugaleigu Mílu. Framangreint getur haft áhrif á núverandi afsláttarfyrirkomulag.

## 5 Viðmiðunartilboð um endursöluaðgang að talsímaneti Símans

**Símafélagið** bendir á að Síminn væri með tvennskonar heildsölu á símaþjónustu, annarsvegar fast forval þar sem umferð væri beint til kaupanda sem sér um rútnu og gjaldfærslu og hinsvegar endursölu, s.k. “Viðmiðunartilboð um endursöluaðgang að talsímaneti Símans” þar sem Síminn sæi um alla þætti. Mjög mikilvægt væri að verðbreytingar nái til beggja samninga (og samtímis) svo ekki komi upp sú staða að verð fyrir minni þjónustu kosti meira en meiri þjónusta. Slíkt



Ósamræmi myndi gera þeim sem bjóða slíka þjónustu í endursölu ómögulegt að keppa við Símann. Með réttu ættu verð fyrir fulla þjónustu að vera hærri en fyrir fast forval. Í dag væru þessi verð hinsvegar þau sömu þó þjónustan væri töluvert meiri í endursölusamningnum sbr. liði 2.2 og 2.3 í viðauka 1 á bls. 19 í endursölusamningi Símans.

### **Andsvar Símans**

Síminn bendir á að endursöluaðilar greiði hærra gjald en aðilar í FFER-þjónustu í formi árlegs aðgangsgjalds. Hafa ber í huga að verðskrá fyrir umferðargjöld eru þau sömu fyrir endursölu og FFER þar sem um er að ræða sambærilega nýtingu á kerfiseiningum talsímakerfis Símans. Þar sem um sömu gjöld er að ræða að miklu leyti, taka verðbreytingar gildi á sama tíma hvort sem um FFER þjónustu eða endursöluaðgang sé að ræða.

### **Afstaða PFS**

PFS tekur undir með Símafélaginu að nauðsynlegt sé að þessar verðbreytingar nái til beggja samninga og á sama tíma enda kemur fram í ákvörðun PFS nr. 36/2012 að Síminn skuli birta sambærileg viðmiðunartilboð um endursöluaðgang. Þetta er einnig í samræmi við það sem fram kemur í andsvörum Símans og hyggst fyrirtækið breyta verðum fyrir sambærilega þjónustu í endursöluaðgangi á sama tíma.